

AUGLÝSING
ríkisskattstjóra nr. 8/2002

SKATTMAT 2002

TEKJUR AF LANDBÚNAÐI OG BÚSTOFN TIL EIGNAR

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á tekjum af landbúnaði og um mat á búpeningi til eignar vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess, sbr. 116. gr. og 2. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og ákvæði í B-lið 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í rekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila.

Heimanot búsafurða og aðra endurgjaldslausu afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á landbúnaðarskýrslu og rekstrarreikningi. Tekur það m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afrakstur af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávaraflla og afla eldisstöðva. Séu afurðir afhentar til heimanota ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2002 er sem hér segir:

Mjólk	kr. 40,00 pr. ltr.
Egg	" 200,00 pr. kg.
Kartöflur	" 55,00 pr. kg.
Rófur	" 95,00 pr. kg.
Lambakjöt.....	" 300,00 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé.....	" 200,00 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé.....	" 100,00 pr. kg.
Ungnautakjöt.....	" 300,00 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum.....	" 200,00 pr. kg.
Folaldakjöt.....	" 170,00 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum.....	" 100,00 pr. kg.
Grisakjöt	" 220,00 pr. kg.
Annað svínakjöt.....	" 130,00 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir.....	" 400,00 pr. kg.
Annað fuglajakjöt.....	" 300,00 pr. kg.
Fiskur.....	" 200,00 pr. kg.

Eignamat í árslok

Bústofn í ársbyrjun og árslok skal færa á bústofnsskýrslu ársins 2002 og meta til eignarskatts í lok þess árs sem hér segir:

Mjólkurkýr.....	kr.	75.000
Holdakýr og naut.....	"	58.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri.....	"	47.000
Geldneyti	"	31.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs.....	"	9.000
Ær og sauðir.....	"	5.200
Hrútar.....	"	8.500
Gemlingar.....	"	4.700
Hross á 14. vetri og eldri.....	"	15.000
Hross á 5. – 13. vetri.....	"	30.000
Fulltamin reiðhross....(á 5. – 13. vetri).....	"	110.000
Önnur reiðhross ... (á 5. – 13. vetri).....	"	55.000
Verðlaunahross ... (á 5. – 13. vetri).....	"	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri.....	"	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. - 13. vetri ...	"	320.000
Tryppi á 2. - 4. vetri.....	"	10.000
Folöld.....	"	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða.....	"	650
Varphænsni yngri en 6 mánaða.....	"	400
Kjúklingar	"	160
Endur.....	"	680
Gæsir.....	"	1.200
Kalkúnar.....	"	1.700
Gyltur.....	"	16.000
Geltir.....	"	25.000
Grísir.....	"	5.000
Kanínur.....	"	2.300
Minkar: Karldýr.....	"	3.700
Kvendýr.....	"	2.100
Hvolpar.....	"	0
Refir: Karldýr og kvendýr.....	"	7.900
Hvolpar.....	"	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	"	3.200

Reykjavík, 12. febrúar 2002.

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri.

SKATTMAT TEKJUÁRIÐ 2001.
(FRAMTALSÁRIÐ 2002)

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2001, sbr. 116. gr. og 2. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skal farið eftir skattmati þessu við framtalsgerð 2002 vegna tekna á árinu 2001 og eigna í lok þess árs.

Reglur um skattmat taka til hvers þess sem nýtur hlunninda eða gæða sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengda við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almenn mat á hlunnindum og gæðum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og skiptir þá ekki máli í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem eru ekki látin í té í formi reiðufjár, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látin af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

Þeir sem stunda búrekstur eða sjómennsku á eigin fari eiga að telja sér til tekna eigin not afurða. Sama á við um aðra sem atvinnurekstur stunda og taka eigin framleiðslu til afnota.

2. Sérstakt tekjumat.

Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	15.000 kr.
Einkennisyfirhafnir	11.000 kr.

Fatnað sem ekki telst einkennisfatnaður skal telja fram á kostnaðarverði. Sama á við um aukafatnað með einkennisfatnaði sem ekki nær framangreindu kostnaðarmati og telst vera hluti einkennisfatnaðar. Á þetta t.d. við um aukabuxur eða aukapils. Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati, skal miða við kostnaðarverðið.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans, sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

Bifreiðahlunnindi.

Full og ótakmörkuð umráð.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 1999, 2000 eða 2001 skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári.

Verð bifreiða eru í þessu sambandi skilgreind í bæklingnum Bifreiðaskrá RSK, sem fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal þá vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum hefur einungis verið heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota skal meta slík takmörkuð afnot til tekna miðað við 45,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattfyrirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum teljast hafa ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum, sem þeir hafa til einkanota.

Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur launþega í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna sem hér segir:

Fyrir fullt fæði	900 kr. á dag
Fyrir hálf fæði	450 kr. á dag
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð).....	300 kr. á dag

Láti launagreiðandi launþega í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launþegans. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru launþega og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

Íbúðarhúsnæðis- og orlofshús.

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á notkunartímabil miðað við tímalengd þeirra. Hafi launþegi afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna.

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hiti) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt. Eigi skal meta launþega til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem hann dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Ef launþegi fær endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum þá skal hann telja sér til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

Lán.

Sá, sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans, skal telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2001 miðast tekjumatið við 11,5% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

Teknamat af matvöru o.fl.

Heimanot matvöru og annarra afurða skulu metin til tekna í búrekstrinum sem hér segir (Verð án virðisaukaskatts):

Mjólk	kr.	40 pr. ltr.
Egg	"	200 pr. kg.
Kartöflur til manneldis.....	"	55 pr. kg.
Rófur til manneldis.....	"	95 pr. kg.
Dilkakjöt.....	"	300 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé.....	"	200 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé.....	"	100 pr. kg.
Ungnautakjöt.....	"	300 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum.....	"	200 pr. kg.
Folaldakjöt.....	"	170 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum.....	"	100 pr. kg.
Grísakjöt	"	220 pr. kg.
Annað svínakjöt.....	"	130 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir.....	"	400 pr. kg.
Annað fuglakjöt.....	"	300 pr. kg.
Fiskur.....	"	200 pr. kg.

Heimanot á öðrum búsafurðum svo sem grænmeti skulu metin til tekna á því verði sem fæst við sölu á þeim frá búinu.

3. Frádráttur frá tekjum.

Frádráttur á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrkjum sem launþegi hefur fært til tekna skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturerindi, kílómetragjald greitt launþega, nafn og kennitala launþega og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattvirkvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 303.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með 48,50 kr. þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt "sérstakt gjald" eða "torfærugjald" á árinu 2001 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km. sem hann fékk greiddan samkvæmt "sérstöku gjaldi" í 55,78 kr. og samkvæmt "torfærugjaldi" í 70,33 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturerindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launamaður hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn hefur greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launamanns.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum á árinu 2001 sem hér segir:

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.

	Jan. - maí	Júní - ágúst	Sept - des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	10.000	11.400	10.200
Fyrir gistingu í eina nótt	5.600	7.000	5.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	4.400	4.400	4.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.200	2.200	2.200

Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	128	90	82	58
New York borg og Washington DC	132	78	85	50
Asía og Suður-Ameríka	130	105	83	67
Annars staðar	95	90	61	58

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi "Annað" frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 900 kr. fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfelld. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 450 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaðar erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

Annar frádráttur.

Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 487 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar byggðum á sannanlegum kostnaði er heimilt í slíkum rekstri að færa til frádráttar, vegna barna eldri en tveggja ára, 80 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 185 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þeirra fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, fönðurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu samtals 14% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði fyrir því og greinir hér að framan varðandi frádrátt í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum bundin því hvort viðkomandi barn er þar einungis í dagvistun eða gistingu.

Frádráttur vegna fóstrunar barna.

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum, þá má færa sem frádrátt á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Hámarksfrádráttur vegna barns verður því 333.480 kr. á árinu 2001 eða 914 kr. á dag.

Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, þá er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum. Hámarksfrádráttur verður því 442.176 kr. á árinu 2001 eða 1.211 kr. á dag.

4. Eignamat í árslok.

Þeir sem hafa atvinnu af búrekstri skulu telja búpening til eignar í árslok 2001 samkvæmt því sem hér segir:

Mjólkurkýr.....	kr.	75.000
Holdakýr og naut.....	"	58.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri.....	"	47.000
Geldneyti	"	31.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs.....	"	9.000
Ær og sauðir.....	"	5.200
Hrútar.....	"	8.500
Gemlingar.....	"	4.700
Hross á 14. vetri og eldri.....	"	15.000
Hross á 5. – 13. vetri.....	"	30.000
Fulltamin reiðhross....(á 5. – 13. vetri).....	"	110.000
Önnur reiðhross ... (á 5. – 13. vetri).....	"	55.000
Verðlaunahross ... (á 5. – 13. vetri).....	"	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri.....	"	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. - 13. vetri ...	"	320.000
Tryppi á 2. - 4. vetri.....	"	10.000
Fölöld.....	"	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða.....	"	650
Varphænsni yngri en 6 mánaða.....	"	400
Kjúklingar	"	160
Endur.....	"	680
Gæsir.....	"	1.200
Kalkúnar.....	"	1.700
Gyltur.....	"	16.000
Geltir.....	"	25.000
Grísir.....	"	5.000
Kanínur	"	2.300
Minkar: Karldýr.....	"	3.700
Kvendýr.....	"	2.100
Hvolpar.....	"	0
Refir: Karldýr og kvendýr.....	"	7.900
Hvolpar.....	"	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	"	3.200

Reykjavík, 17. janúar 2002.

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri.

**SKATTMAT 2002
TEKJUR MANNA**

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2002, sbr. 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2002 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987 með áorðnum breytingum, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Reglur um skattmat taka til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengda við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almennt um mat á hlunnindum og gæðum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og skiptir þá ekki máli í hvaða gjaldmiðli gildið er, hvort sem er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem eru ekki látin í té í formi reiðufjár, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látin af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmætið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

2. Sérstakt tekjumat.**2.1. Starfstengd hlunnindi**

Allur viðurgjörningur launagreiðanda við starfsmenn í öðru en reiðufé leggst að jöfnu við laun til þeirra og ber að telja til tekna. Viðurgjörningur við starfsmenn eru fríðindi og gæði tengd starfinu, sem þeir njóta án þess að greiða fyrir það fullt verð, hvort sem er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu. Viðurgjörningur við

starfsmenn telst til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. það verð sem það hefði kostað launþegann að kaupa, leigja eða greiða fyrir afnot af því sem féll til hans

Tiltekinn viðurgjörningur við starfsmenn, sem er í mjög beinum tengslum við störf þeirra, almennur og aðgengilegur öllum, þarf ekki að telja til tekna, enda sé kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á árinu. Til þessa viðurgjörnings teljast árshátíðir starfsmanna, jólagleði og sambærilegar samkomur, svo og starfsmannaferðir, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta, afnot af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, kaffiveitingar í vinnutíma og námskeið sem tengjast starfinu beint. Til hans teljast enn fremur framlög til starfsmannafélaga vegna þessara liða.

Skilyrði fyrir því að þessi viðurgjörningur sé ekki talinn til tekna hjá starfsmanni er að kostnaður, annar en við námskeið sem tengjast starfinu beint, á starfsmann sé samtals ekki hærri en 40.000 krónur á árinu og ekki hærri en 10.000 kr. af einstöku tilefni (ferð með gistingu, árshátíð o.s.frv.). Sé kostnaðurinn í heild eða af einstöku tilefni hærri telst hann að fullu til tekna.

Hlunnindi s em s æta s érstöku s kattmati í samræmi við eftirfarandi, og viðurgjörningur sem eingöngu eða fyrst og fremst er vegna einkaþarfa teljast alltaf til skattskyldra tekna.

2.2. Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	15.000 kr.
Einkennisyfirhafnir	11.000 kr.
Stakir hlutar einkennisfatnaðar:	
Buxur/pils	4.000 kr.
Jakki/kuldagalli	11.000 kr.
Peysa/skyrta/blússa/vesti	2.000 kr.
Hálsbindi/slæða/belti	1.000 kr.
Skór	6.000 kr.

Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati skal miða við kostnaðarverðið. Við mat á því hvað telst til einkennisfatnaðar skal tekið tillit til fjölda starfsmanna sem fær slíkan fatnað afhentan, útlits fatnaðarins, t.d. þess hvort hann ber lit eða önnur ytri sérkenni s em e inkennandi e ru fyrir viðkomandi a tvinnurekanda. Ge ra m á r áð fyrir að einkennisfatnaður aðgreini viðkomandi starfsmann frá hinum almenna borgara og að um sé að ræða fatnað sem ekki er fallinn til afnota utan vinnutíma og almennt ekki ætlaður til slíkra nota. Annar fatnaður en einkennisfatnaður sem starfsmanni er látinn í té skal talinn honum til tekna á gangverði.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

2.3. Bifreiðahlunnindi.

Full og ótakmörkuð umráð.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 2000, 2001 eða 2002 skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári.

Verð bifreiða eru í þessu sambandi skilgreind í bæklingnum Bifreiðaskrá RSK, sem fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal þá vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn einnig allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 55,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattýfivöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum og stjórnarmenn félaga teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeir hafa til einkanota.

2.4. Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Morgunverður.....	250 kr.
Hádegisverður eða kvöldverður.....	325 kr.
Fullt fæði á dag.....	900 kr.

2.5. Íbúðarhúsnæði og orlofshús.

Endurgjaldslaust afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 4% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi;

Gildistala	Staðsetning
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður.
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus.
0,70	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

2.6. Lán.

Sá sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skal telja sér vaxtahagræði til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2002 miðast tekjumatið við 10% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

3. Frádráttur frá tekjum.

3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattfyrirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 330.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 55,00 kr. á hvern ekinn km í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt "sérstakt gjald" eða "torfærugjald" á árinu 2002 fyrir akstur við erfiðar aðstæður má hækka hámarksfrádrátt fyrir hvern ekinn km sem hann fær greiddan samkvæmt "sérstöku gjaldi" í 63,25 kr. og/eða samkvæmt "torfærugjaldi" í 79,75 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursskýrsla eða akstursskýrsla eða fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

3.2. Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans ut án v enjulegs v innustaðar og launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggja í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2002 sem hér segir:

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.

	Jan. – apr.	Maí – sept.	Okt. – des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	12.000	13.500	12.500
Fyrir gistingu í eina nótt	7.000	8.500	7.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.000	5.000	5.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.500	2.500	2.500

Frádráttur frá dagpeningum erlendis. (Ákvarðast í SDR)

Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	130	92	83	59
New York borg og Washington DC	135	80	86	51
Asía og Suður-Ameríka	133	107	85	68
Annars staðar	97	92	62	59

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi "Annað" frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 900 kr. fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 450 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaðar erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

3.3. Frádráttur vegna fóstunar barna

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum má færa sem frádrátt á móti þeim fjárhæð sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur.

3.4. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til frádráttar vegna barna eldri en tveggja ára 83 kr. fyrir hv ern v eittan m orgunverð e ða síðdegishressingu og 191 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þessara fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu 14% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um

gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði og að framan greinir fyrir frádrætti í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum eftir því hvort viðkomandi barn er í dagvistun eða gistingu.

3.5. Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum sem svarar til tvöfalda ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum.

3.6. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 487 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 16. janúar 2002.

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri.

SKATTMAT 2002 TEKJUR MANNA

Með vísan til 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæðis í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, hefur ríkisskattstjóri sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2002. Skattmat þetta gildir einnig vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2002 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987 með áorðnum breytingum um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Reglur þessar um skattmat taka til hvors þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem er aðnjótandi. Reglur þessar taka til allra skattaðila og skiptir þá ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti og eiga þær þannig við um sérhverja aðra afhendingu gæða til skattskyldra einstaklinga. Þegar talað er um launamann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna svo og hvers þess aðila sem aðnjótandi er viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengda við slíka aðila.

1. Almenn mat á hlunnindum og gæðum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs, og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og hlunnindi svo sem fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, síma, tölvur, líkamsrækt svo og framlög og gjafir sé verðmætið herra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Afslátt sem launamaður nýtur hjá launagreiðanda sínum við kaup á framleiðslu- eða söluvöru hans skal telja til tekna miðað við gangverð vörunnar. Þó telst afsláttur ekki til tekna ef hann er ekki hærrí en almennur afsláttur til góðra viðskiptavina. Afsláttur á smávöru og dagvöru telst ekki til tekna, enda sé varan ekki seld undir kostnaðarverði hennar.

Þau gæði og hlunnindi, sem samkvæmt framangreindu eru ekki látin í té í formi reiðufjár, skal meta til peningaverðs og telja til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á þeim tíma, sem þau eru látin í té nema við eigi um þau sérstakt tekjumat sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi eða annað, sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmætið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

2. Sérstakt tekjumat.

2.1. Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	kr. 15.000
Einkennisyfirhafnir	kr. 11.000

Annan fatnað sem launþega er látinn í té af launagreiðanda en telst ekki vera einkennisfatnaður skal metinn til tekna sem hér segir:

Buxur/pils	kr. 4.000
Jakki/yfirhöfn/kuldagalli	kr. 11.000
Peysa/skyrta/blússa/vesti	kr. 2.000
Hálsbindi/slæða/belti	kr. 1.000
Skór	kr. 6.000

Framangreind verð eiga ekki við ef um er að ræða samkvæmisfatnað eða klæðnað úr skinum eða feldum. Í þeim tilvikum skal miða við kostnaðarverð.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans, sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

2.2. Bifreiðahlunnindi.**Full og ótakmörkuð umráð.**

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af til fullra umráða, skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar á bifreiðinni sem hér segir.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 2000, 2001, eða 2002, skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári eða ef skipt er um bifreið á árinu.

Verð bifreiðar er í þessu sambandi skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá RSK, sem gefinn er út árlega og fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal það vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Greiði launagreiðandi rekstrarkostnað bifreiðar sem er í umráðum starfsmanns hans, bætast 6 prósentustig við skattmatið og verður það 26% sé um að ræða bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2000, 2001 og 2002, en 21% sé um eldri bifreið að ræða.

Greiði launamaður launagreiðanda sínum fasta greiðslur fyrir afnot bifreiðarinnar koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatínu.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 55,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum og stjórnarmenn félaga teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum, sem þeir hafa til einkanota.

2.3. Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Fyrir eina máltíð á dag.....	kr. 350,00
Fyrir tvær máltíðir á dag(eða fæði að hluta)..	“ 650,00
Fyrir fullt fæði á dag.....	“ 900,00

2.4. Íbúðarhúsnæði og orlofshús.

Ef launagreiðandi lætur launamanni í té án endurgjalds afnot af íbúðarhúsnæði skulu þau metin launþeganum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 6% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi;

Gildistala	Staðsetning
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður.
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Akranes, Akureyri, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerði, Sveitarfélagið Ölfus.
0,60	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslausa orkunotkun (rafmagn og hiti) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

2.5. Ókeypis ferðir og farmiðar.

Hvataferðir og aðrar ferðir, sem starfsmönnum hlotnast sem umbun fyrir starf skal telja til tekna á kostnaðarverði. Sama á við þótt ferðir séu kostaðar af öðrum en launagreiðanda svo sem viðskiptaaðilum. Nái hlunnindi þessi einnig til maka starfsmanns eða annarra fjölskyldumeðlima telst það til tekna hjá starfsmanninum.

Hver sá sem nýtir sér frímiða vegna starfssambands við flugfélag/ferðaskrifstofu eða vegna vildarpunkta, sem aflað hefur verið í ferðum á vegum vinnuveitanda, skal færa slík hlunnindi til tekna og er viðmiðunarverð vegna hvers miða til Evrópu kr. 15.000, en kr. 20.000 vegna hvers miða til áfangastaða utan Evrópu.

2.6. Ókeypis afnot af heimilistölvu.

Hafi launamaður til frjálsra afnota heimilistölvu í eigu launagreiðanda ásamt venjulegum fylgihlutum skal meta honum það til tekna á kr. 25.000 á ári.

2.7. Sími.

Ef launagreiðandi lætur launþega sínum í té farsíma til frjálsra nota, þá skal meta launþeganum það til tekna á kr. 12.000 á ári.

2.8. Lán.

Þeim, sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans ber að telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2002 miðast tekjumatið við 10%. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

3. Frádráttur frá tekjum.

3.1. Frádráttur kostnaður á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrki, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað við rekstur ökutækis sbr. eftirfarandi.

Skilyrði fyrir frádrætti kostnaðar á móti greiddum ökutækjastyrk er að um sé að ræða sannanlegan rekstrarkostnað, sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis, þannig að færð hafi verið aksturisdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur

og hlunnindi utan staðgreiðslu, með áorðnum breytingum. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 11% af því verði sem bifreið er eignfærð á í árslok. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Að á sama eyðublaði og um ræðir í 1 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins þannig sundurliðuð:
 - a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.
 - b. Annar akstur í eigin þágu.
 - c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 55,00 kr. á hvern ekinn km í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt "sérstakt gjald" eða "torfærugjald" á árinu 2002 fyrir akstur eigin ökutækis má hann hækka fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km. sem hann fær greiddan samkvæmt "sérstöku gjaldi" í kr. 63,25 og/eða samkvæmt "torfærugjaldi" í kr. 79,75 enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái launþegi greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 2002, þannig að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar, og sá akstur verið 2000 km. eða minni, er fallið frá kröfu um sannanlegan ökutækjakostnað. Þetta er bundið þeim skilyrðum að launþegi hafi fært aksturisdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi. Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sem nemur viðmiðunum hér að framan.

3.2. Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn hefur greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum á árinu 2002 sem hér segir:

Frádráttur frá dagpeningum innanlands.

	Jan. – apr.	Maí – sept.	Okt. – des.
--	-------------	-------------	-------------

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	11.300	13.300	11.900
Fyrir gistingu í eina nótt	6.500	8.300	7.000
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	4.800	5.000	5.100
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.400	2.500	2.550

Frádráttur frá dagpeningum erlendis. (Ákvarðast í SDR)

	Gisting	Annað
Ameríka (með Hawaii)		
Almennt	90	60
Boston, Los Angeles, San Francisco, Tronto og Ottawa.....	100	60
New York borg, Washington DC	120	70
Afríka	90	60
Asía (án Tyrklands, Kýpur og Rússlands)		
Almennt	90	60
Peking, Taipei, Seoul, Singapore og Hong Kong	110	70
Tokyo.....	140	80
Evrópa (með Rússlandi, Tyrklandi og Kýpur)		
Almennt	90	60
Stokkhólmur og Helsinki.....	100	60
Kaupmannahöfn og Osló.....	100	70
Berlín, Dusseldorf, Frankfurt, París, Brussel, Luxemburg, Zurich og Genf.....	110	60
London, Moskva og St. Pétursborg.....	130	70
Ástralía og eyjaálfa (án Hawaii).....	90	60

Standi ferð starfsmanns utan starfsstöðvar launagreiðanda skemur en 22 daga er heimilaður óskertur frádráttur dagpeninga samkvæmt því sem að framan greinir. Sé dvalið samfellt í 22 daga eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá 65% af leyfilegum frádrætti vegna móttækinnna dagpeninga fyrir hvern dag umfram 21. Fari dvöl erlendis fram úr 3 mánuðum skal frádrátturinn nema 40% af leyfilegum frádrætti vegna móttækinnna dagpeninga fyrir hvern dag umfram 3 mánuði. Frádráttur þessi nær þó aldrei yfir lengra tímabil en 12 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi "Annað" frá fengnum dagpeningum.

Vinna á starfsstöð erlendis.

Sé dvöl launþega tilkomin vegna tímabundinna starfa á starfsstöð innlands launagreiðanda erlendis eiga framangreindar reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við en honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds, fjárhæð, sem hæst getur orðið 25 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort launþegi kemur í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaður erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af frádrætti vegna dagpeninga sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

3.3. Frádráttur vegna fóstunar barna

Ef um er að ræða greiðslur, vegna barna sem sett eru í fóstur af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum, þá má færa sem frádrátt á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur.

3.4. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og tll stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar byggðum á sannanlegum kostnaði er heimilt í slíkum rekstri að færa til frádráttar, vegna barna eldri en tveggja ára, kr. 83 fyrir hvern seldan morgunverð eða síðdegishressingu og kr. 191 fyrir hvern seldan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þeirra fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir sölu fæðis samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, fönðurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa samtals 14% fastan heildarkostnað á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu. Ef um sumardvöl er að ræða má færa 20% af heildartekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði fyrir því og greinir hér að framan varðandi frádrátt í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum bundin því hvort viðkomandi barn er þar einungis í dagvistun eða gistingu.

3.5. Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, þá er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum.

3.6. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 487 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 4. janúar 2002.

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri.

Skattmat 2002

Greinargerð um fjárhæðir og breytingar á skattmati

Embætti ríkisskattstjóra hefur frá árinu 1981 árlega gefið út reglur um mat á hlunnindum. Þessar reglur hafa tekið litlum breytingum í gegnum tíðina. Nokkrum liðum skattmatsins hefur þó verið breytt, svo sem kaflanum um bifreiðahlunnindi sem sætti endurkoðun í kringum 1989.

Á síðustu árum hefur ríkisskattstjóri gefið út skattmat í staðgreiðslu í byrjun árs og endanlegt skattmat í lok ársins. Á þessu mun verða sú breyting að aðeins verður gefið út eitt skattmat vegna ársins 2002, sem gildir við álagningu á tekjur ársins 2002 og staðgreiðslu opinberra gjalda af þeim. Með þessu er stuðlað að einföldun skattmatsins og auknum fyrirsjáanleika fyrir hinn almenna skattgreiðanda. Það skattmat, sem nú er gefið út, tekur til tekna og frádráttar frá tekjum manna en skattmat í landbúnaði verður gefið út sérstaklega.

Laga- og reglugerðaákvæði.

Ákvæði um mat á hlunnindum og öðrum gæðum til tekna og forsendur þess er að finna í lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og í reglugerð nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Þau laga- og reglugerðarákvæði sem mestu skipta er að finna í viðauka með greinargerð þessari.

Samkvæmt meginreglu 7. gr. 1. nr. 75/1981 teljast til skattskyldra tekna hvers konar gæði, sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Regla þessi tekur þannig með sama hætti til allra skattaðila og skiptir þá ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða tilkomið með öðrum hætti. Eiga reglur um skattmat því ekki eingöngu við um mat á hlunnindum og gæðum sem launþegi nýtur úr hendi launagreiðanda heldur einnig um hverja aðra afhendingu gæða til skattskyldra einstaklinga.

Þau gæði, sem skv. framangreindu skal telja til tekna, og ekki eru látin í í té í formi reiðufjár skal meta til peningaverðs. Að meginreglu skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði.

Sé mat á gæðum, sem meta skal til tekna ekki tilgreint sérstaklega í matsreglunum, skal skattaðili telja sér þau til tekna í samræmi við gangverð eða markaðsverð þeirrar vöru, þjónustu o.s.fr. sem um er að ræða.

Við gerð matsins var m.a. litið til þeirra reglna sem um sömu atriði gilda á hinum Norðurlöndunum en þau lönd hafa í flestu sambærilega skattalöggjöf, m.a. í öllum aðalatriðum sömu skilgreiningu á skattskyldu og skattskyldum tekjum. Er neðanmáls í greinargerðinni getið þeirra reglna sem þar gilda um ýmis þau atriði, sem skattmatið tekur til.

Matið er þannig byggt upp að í 1. kafla eru almennar matsreglur, í 2. kafla er mat á hlunnindum o.fl. til tekna og í 3. kafla er mat á kostnaði til frádráttar frá tekjum.

1. Reglur um mat á hlunnindum og gæðum.

Hin almenna regla samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er sú að hlunnindi sem skattaðila eru látin í té eða önnur skattskyld gæði sem honum hlotnast skuli metin og talin til tekna á gangverði. Samkvæmt skattmatsreglunum skal það gert þegar ekki er um að ræða hlunnindi eða gæði sem tilgreind eru sérstaklega í þeim og þau metin þar.

Þegar hlunnindi eða gæði eru þess eðlis að ekki er til að dreifa gangverði eða sérstakar ástæður eru til skulu hlunnindin og gæðin metin til tekna samkvæmt þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim hlunnindum og gæðum, sem sérstakt mat gildir um og helstu breytingum, sem gerðar eru á skattmati fyrir tekju- og staðgreiðsluárið 2002, og þær forsendur sem að baki liggja.

2. Sérstakt tekjumat

2.1 Fatnaður:

Skv. skattmati ársins 2001 var sérstakt mat látið taka til einkennisfatnaðar en annar fatnaður skyldi metinn á kostnaðarverði. Hér eru gerðar þær breytingar á þessum lið skattmatsins að allur fatnaður, sem launþega er látinn í té, þ.e. einkennisfatnaður og annar fatnaður, skal metinn til tekna á ákveðnu matsverði. Með þessu er stefnt að því að gera forskráningu tekna auðveldari. Haft var í huga að þessi fatamál hafa sætt gagnrýni launagreiðenda og þótt torskilin. Með þessu móti er framkvæmd reglnanna einfaldari. Samkvæmisfatnaði og klæðnaði úr skinum og feldum er haldið utan við sérstaka skattmatið og skal telja fram á gangverði, enda augljóslega ekki í sama verðflokki og þær hversdagsflíkur sem sérstaka skattmatinu er ætlað að ná til. Verðmat er óbreytt frá því sem gildi um einkennisföt.

2.2. Bifreiðahlunnindi.

Reglur um bifreiðahlunnindi voru endurskoðaðar á árinu 1989. Var þá gerð umtalsverð breyting á reglunum, en þær hafa haldist óbreyttar síðan. Byggt er nú á sama grunni og fyrr, þ.e. að hlunnindin eru metin m.t.t. verðs á þeim bifreiðum, sem um er að ræða. Sú regla er beint eða óbeint notuð á öllum Norðurlöndunum.¹ Sú breyting er gerð að greina með öðrum hætti en verið hefur á milli þess að skattaðili hafi umráð yfir bifreiðinni og þess að rekstrarkostnaður hennar einkum eldsneyti og þungaskattur, sé greiddur af þeim sem lætur hana í té. Hingað til hefur hlunnindamatið verið lækkað um 4 prósentustig af metnu verði bifreiðar greiði starfsmaðurinn slíkan kostnað en í reglunum nú er miðað við það sem meginreglu að skattaðilinn greiði sjálfur eldsneytiskostnað og annan rekstrarkostnað. Sé sá kostnaður greiddur af þeim sem lætur bifreiðina í té bætist við grunninn tiltekið hlutfall af metnu verði bifreiðarinnar.

Mat á bifreiðahlunnindum er hækkað nokkuð. Er þá tekið mið af upplýsingum um kostnað einstaklinga við kaup og rekstur á bifreiðum. m.a. hækkun á eldsneytisverði og höfð hliðsjón af

¹ Samkvæmt dönskum reglum eru hlunnindi af fríum bíl 25% af kaupverði bifreiðar. Í Svíþjóð eru reglurnar nokkuð flóknari. Þar er matið föst fjárhæð (rúml. 100 þús. kr. + ¼ hlutar viðmiðunarvaxta af bílverðinu + 9% af bílverðinu + 20% af þeim hluta bílverðsins sem er hærra en ca 3 m.kr. Fjárfestingunni greiddan rekstrarkostnað bætist við áætluð bensínnotkun x bensínverð með 20% álagi. Í Finnlandi er matið 1,5% af verði bifreiðar á mánuði + föst fjárhæð eða breytileg eftir akstri. Í Noregi er miðað við 10.000 km akstur á ári + akstur til og frá vinnu og hlunnindi metin eftir verði bílsins frá ca 30 kr./km upp í 70 kr./km.

norrænum reglum en verð á bílum og eldsneyti er þar svipað og hér á landi. Grunnmatið er ákveðið 20% af nýverði bifreiðar fyrstu 3 árin en 15% eftir það. Til samanburðar var þetta mat 16% og 11% í gildandi reglum. Til rökstuðnings fyrir matinu má nefna að sé miðað við 10 ára endingartíma og jafnar afskriftir verða þær 10% á ári. Vextir af því fé sem bundið er í bifreiðinni má áætla 12% til 14%. Heildarkostnaður samkvæmt þessu á 10 árum er 220 til 240% af bílverðinu eða að jafnaði 22-24% á ári. Tryggingar og bifreiðagjöld eru yfirleitt 3-5% á ári. Grunnmatið reiknað yfir 10 ára tímabil er 165% eða að jafnaði 16,5% á ári. Til frekari rökstuðnings má benda á að vextir og afborganir af bílaláni til 7 ára eru að jafnaði um 20% af upphaflegum h öfuðstól. Kostnaður við rekstrarleigu á bifreiðum, sem tekur til alls kostnaðar nema eldsneytis, trygginga og bifreiðagjalda, er 21-24% á ári miðað við verð bílsins. Að tryggingum og bifreiðagjöldum meðtöldum er kostnaðurinn 26-30%.

Mat á þeim hlunnindum sem felast í greiðslu á rekstrarkostnaði er ákveðið 6% af nýverði bifreiðar. Eins og eftirfarandi dæmi bera með sér svarar það til eldsneytiskostnaðar bifreiðar sem eyðir 10 l/100 km og ekið er um 12.000 km á ári.

Auk kaupverðs og eldsneytis er kostnaður við að eiga bíl fólgin í tryggingum og bifreiðagjöldum en þeir gjaldapóstar geta svarað til 3-5% af bílverðinu á ári, dekkjum, viðhaldi, þrífum o.fl. Ljóst er því að þrátt fyrir þá hækkun sem gerð er í matinu eru raunveruleg hlunnindi af fríum bíl líklega meiri einkum þegar launagreiðandinn sér um allan rekstrarkostnað. Að þessu sinni þótti ekki rétt að gera meiri breytingu hér á.

Sem dæmi um reglur þessar er eftirfarandi

Dæmi 1:

Nýverð bifreiðar 2.000.000 kr.

Hlunnindi:

Grunnmat 400.000 kr. á ári.

Sé rekstrarkostnaður greiddur bætast 120.000 kr. við. Heildarmat 520.000 kr. á ári, 43.333 kr. á mánuði. Sé notkun 12.000 til 15.000 km á ári verður kostnaður á km 35 til 43 kr.

Dæmi 2:

Nýverð bifreiðar 3.000.000 kr.

Hlunnindi:

Grunnmat 600.000 kr. á ári.

Sé rekstrarkostnaður greiddur bætast 180.000 kr. við. Heildarmat 780.000 kr. á ári, 65.000 kr. á mánuði. Sé notkun 12.000 til 15.000 km á ári verður kostnaður á km 52 til 65 kr.

2.3. Fæðishlunnindi.

Á þessum lið voru gerðar orðalagsbreytingar sem ætlaðar voru til einföldunar. Áður voru fæðishlunnindi metin fyrir fullt fæði, hálf fæði eða fæði að hluta, en nú fyrir máltíðir og er miðað við að morgunverður, hádegisverður og kvöldverður teljist til máltíða. Reglan um sérhver önnur fæðishlunnindi er felld út úr skattmatinu. Með því verða venjulegar kaffiveitingar o.þh. ekki metnar til tekna.

2.4. Hlunnindi vegna íbúðarhúsnæðis og orlofshúsa.

Í langan tíma hafa hlunnindi fyrir í formi endurgjaldslausra afnota íbúðarhúsnæðis verið metin til tekna sem 2.7% af gildandi fasteignamatssverði íbúðarhúsnæðisins. Mat þetta er löngu orðið úrelt og ekki í samræmi við gangverð á leiguhúsnæði.

Í skattmati fyrir árið 2002 eru settar nýjar reglur um mat á íbúðarhúsnæði. Taka þær annars vegar tillit til hækkunar á leiguverði og hins vegar til mismunar á því eftir landsvæðum í. Miðað er við að á höfuðborgarsvæðinu verði mat á leigu 6% af fasteignarmati. Á landsvæðinu umhverfis höfuðborgarsvæðið og á Akureyri verður matið 80% af því hlutfalli og annars staðar 60%. Þegar tekið er tillit til þess að fasteignamat utan höfuðborgarsvæðisins er einnig lægra en þar þýða þessar reglur í reynd að mismunur leiguverð á fm verður mun meiri.

Við ákvörðun þessara reglna voru hafðar til hliðsjónar reglur um leigu á íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Í þeim er leigan ákveðin sem 5% af brunabótamati í Reykjavík og hlutföll af því annars staðar á landinu.

Til að ákveða leigumatið var gerð á leiguverði hjá Leigulistanum. Í Reykjavík og nágrenni var mánaðarleigan samkvæmt þessum upplýsingum þannig:

- 2 herb. íbúð: 50-60 þús. kr.
- 3 herb. íbúð: 60-70 þús. kr.
- 4 herb. íbúð: 70-90 þús. kr.
- 5 herb. íbúð: 80-100 þús. kr.

Einbýlishús væru leigð á frá 100-120 þús. kr.

Samkvæmt upplýsingum Leigulistans var einhver svæðaskipting á leiguverði, en íbúðirnar sjálfar skiptu þó meira máli. Í Mosfellsbæ væri leigan þó eitthvað lægri en í Reykjavík. Í Vogum á Vatnsleysuströnd væri leiga u.þ.b. 50% af leiguverði á höfuðborgarsvæðinu. Leiga í Keflavík væri ekki miklu hærri en það. Á Akranesi væri leiga á fermeter á 400-500 kr. á mánuði, en á höfuðborgarsvæðinu á 800-900 kr. á fermetra á mánuði. Leiga úti á landi var talin vera um það bil helmingi lægri en á höfuðborgarsvæðinu.

Algengt fasteignamat á íbúðarhúsnæði í Reykjavík er 80.000 til 100.000 kr. á fermetra. Leiga samkvæmt matinu yrði 480 til 600 kr. á fermetra á mánuði á höfuðborgarsvæðinu 300 til 400 kr á fm í þéttbýli í nágrenni þess og 250 til 300 kr. í öðrum sveitarfélögum, Þrátt fyrir verulega hækkun á matinu einkum á höfuðborgarsvæðinu verður mat þetta að teljast hóflegt.²

2.5. Hlunnindi vegna ókeypis flugferða.

Hingað til hafa hlunnindi í formi frímiða, sem annað hvort má rekja til starfssambands eða innlausnar á vildarpunktum sem áunnist hafa vegna ferða á vegum vinnuveitanda, hafa fallið undir almenna reglu skattmatsins og talist skattskyld á gangverði eða kostnaðarverði. Það er hins vegar erfiðleikum háð að ákveða gangverð slíkra miða bæði vegna þess frumskógar sem flugfargjöld eru og þeirra sérákvæða sem gilda um notkun flugfrípunkta. Þess vegna er í skattmati nú gert ráð fyrir að hlunnindi þessi verði framvegis háð stöðluðu mati og er gert ráð

² Í Svíþjóð er mat á fríu húsnæði í fjórum flokkum eftir búsetu frá 51 – 67 SEK á fm á mánuði. Í Finnlandi eru flokkarnir 2 og matið frá 340FM + 25,80FM á fm á mánuði upp í 450FM + 40,90FM á fm á mánuði.

fyrir einfaldri matsreglu sem skiptir áfangastöðum í tvo hópa, þ.e. Evrópu og lönd utan Evrópu. Matinu er stillt í hóf. Er það verulega lægra en lægstu fargjöld með þeim flugfélögum sem veita frípunkta og er þá tekið tillit til þeirra takmarkana sem um ferðir þessar gilda.

Til þess að valda ekki misskilningi er jafnfram tekið fram að fríar ferðir starfsmanna svo sem hvataferðir o.fl. eru að fullu skattskyldar og ber að telja til tekna á því verði sem fyrir þær er greitt. Ennfremur er takið fram að ferðahlunnindi sem falla til maka eða annarra fjölskyldumeðlima starfsmanns ber að telja til tekna hjá starfsmanninum en ekki makanum eða öðrumþ

2.6. Hlunnindi vegna ótakmarkaðra afnota af tölvu.

Nokkuð algengt er að starfsmenn fyrirtækja og stofnana fái afhenta tölvu til ótakmarkaðra afnota á heimili sínu. Í reynd er hér um að ræða hliðstætt fyrirbæri og afnot af bílum, þótt verðskalin sé allur annar. Í matinu er miðað við fasta fjárhæð á ári 25.000 kr. Verð á algengum heimilistölvum með fylgibúnaði er yfirleitt á bilinu 100-200.000 kr. og er algengt að slíkur búnaður sé endurnýjaður á 3 – 6 ára fresti. Er matsfjárhæðin því ekki órýmileg einkum þegar til þess er litið að tölvukaupin hafa verið gjaldfærð í rekstri launagreiðandans og virðisaukaskatturinn verið endurgreiddur.

Sé tölva ásamt fylgihlutum afhent starfsmanni til eignar skal hann telja sér það til tekna á gangverði tölvunnar samkvæmt almenntri skattmatsreglu.

2.7. Hlunnindi vegna síma.

Nokkuð er um að launþega sé látinn í té farsími og honum heimiluð ótakmörkuð einkaafnot af honum. Í matinu er ákveðið að þessi hlunnindi skulu metin til tekna á 12.000 kr. á ári og er þá höfð til hliðsjónar meðalnotkun og miðað við að einkanot nemi 1.000 kr. á mánuði. Verður að telja það hóflega áætlað.³

2.8 Vaxtalaus lán

Hlunnindi af vaxtalausum láni hafa verið miðuð við 85% af kjörvöxtum viðskiptabankanna. Miðað við þá reglu er vaxtaviðmiðun vegna ársins 2001 11,5%. Í matinu fyrir 2002 er tekið tilliti til væntinga um lækkingu vaxta og verðbólgu og matið því lækkað í 10%

3. Frádráttur frá tekjum.

3.1 Kostnaður á móti ökutækjastyrk

Ekki eru gerðar breytingar á efni reglnanna að öðru leyti en því að í stað fastrar fjárhæðar verði fyrning reiknuð sem hlutfall af verði bifreiðarinnar. Miðað er við 11% af verði bifreiðarinnar eins og það er fært á skattframtalið í árslok sem er um 10% af því verði sem á bifreiðinni var í ársbyrjun.

3.2 Frádráttur á móti dagpeningum

³ Í Danmörku eru hlunnindi af síma sem launagreiðandi greiðir 3000 DK á ári en þó að hámarki það sem vinnuveitandinn greiddi. Í Finnlandi eru þessi hlunnindi metin til 120 FM á mánuði. Í Svíþjóð eru þessi hlunnindi metin í samræmi við kostnað launagreiðanda.

Breytingar eru gerðar á reglum um frádrátt á móti dagpeningum erlendis. Í því efni var litið til þess að frádráttur frá skattskyldum tekjum á að miðast við mat á þeim viðbótarkostnaði, sem starfsmaður verður fyrir vegna ferðar sinnar og hóflegt mat á honum. Í því efni þarf að hafa í huga að ákvörðun um að greiða kostnað í formi dagpeninga er tekin af launagreiðanda og eftir atvikum starfsmanni og opið stendur að kostnaðurinn sé greiddur beint af launagreiðanda eða samkvæmt reikningi yfir útlagðan kostnað. Gerð var athugun á kostnaði við gistingu í ýmsum löndum og reglur Norðurlandþjóðanna, einkum Noregs, athugaðar.

Helstu breytingar eru þessar. Í fyrsta lagi er röðun landa og borga í kostnaðarflokka breytt. Í öðru lagi er frádráttur vegna annars en gistingar lækkaður bæði með hliðsjón af verðathugunum, reglum í öðrum löndum og með tilliti til þess að frítt fæði telst til skattskyldra tekna. Í þriðja lagi eru reglur um samfellda lengri dvöl einfaldaðar og af þeim skornir hnökrar og að lokum eru teknar upp reglur um frádrátt á móti greiðslum vegna dvalar á vinnustöð launagreiðanda erlendis með hliðsjón af úrskurðaf framkvæmd á síðustu árum.

Aðrir frádráttarliðir eru efnislega óbreyttir.

Lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Úr 7. Gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

A

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfs-laun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki.Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.
4. Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í h appdrætti, veðmáli eða keppni. Beinir gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir [svo og verðlittir vinningar í almennum happdrættum og keppnum]6).

Úr 30. gr.

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

A

1. Útgjöld að hámarki móttækin fjárhæð ökutækjastyrkja, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

Úr 74. gr.

Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

2. Búpening skal telja til eignar svo sem hann væri framgenginn að vori næst á eftir, með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn.

116. gr.

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Úr 5. gr.

Til launa samkvæmt lögum þessum telst:

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfæra-peningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

Reglugerð nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Úr 13. gr.

A. Til launa teljast allar greiðslur eða tekjur, sem launþegi fær fyrir að leysa eitthvert starf af hendi í annars þágu eða honum hlotnast í sambandi við starf, sem hann er eða hefur verið ráðinn til. Sama er, hverju nafni laun kallast eða í hvaða formi þau eru. (1)

Falla hér undir m.a.: (2)

1. Föst laun og aukatekjur, þar með talin öll hlunnindi, hverju nafni sem nefnast.

.....

B. Það skiptir eigi máli, í hverju laun eða endurgjald fyrir unnið verk er fólgið, ef það verður metið til peninga. Til launatekna teljast því hvers konar hlunnindi, veitt í launa skyni, og önnur form fyrir greiðslu, svo sem fæði, húsnæði, ljós og hiti, bifreiðaafnot, einkennisbúningur og annar fatnaður, [– –] greiðslur í vörum úr verslunum eða afurðum úr framleiðslufyrirtæki og greiðsla í sérhverjum öðrum verðmætum eða eignum, t.d. hlutafjáreign í hlutafélagi, innstæða í félagi eða fyrirtæki, hlutdeild í skipi eða húseign o.s.frv. (1)

Laun greidd í hlunnindum skulu talin til tekna eftir gangverði á hverjum stað og tíma..... 1) (2)

Úr 16. gr.

Tekjur af öðrum atvikum eru þessar helstar:

A. Gjafir. Til skattskyldra tekna teljast fyrst og fremst gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, og beinar gjafir í peningum eða öðru, sem meta má til peninga, ef það nemur nokkru verulegu. Þetta nær þó eigi til dánargjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda sé greiddur af þeim erfðafjárskattur. Tækifærisgjafir teljast og eigi sem tekjur í þessu sambandi, nema því aðeins að um arðberandi eignir sé að ræða, eða tæki til atvinnurekstrar. Gjafir, sem ekki eru í peningum, skal skattstjóri meta til peningaverðs.

Úr 17. gr.

Þeir, sem landbúnað stunda, skulu fylla út sérstaka skýrslu um tekjur sínar af landbúnaði, landbúnaðarframtalsskýrslu, og þar með skýrslu um bústofn sinn í byrjun og lok hvers skattárs, sbr. eftirfarandi:

A. Til tekna af landbúnaði telst m.a:

1. Búfjárafurðir allar, bæði seldar og notaðar heima, þar með talið andvirði búfjár, sem selt er lifandi og matsverð þess búfjár, sem alið er upp til bústofnsauka, sbr. 3. tl. B-liðar hér á eftir. (1)

B. Skattmat tekna af landbúnaði skal ákveðið þannig:

.....

2. Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, jarðagróði, hlunnindaafrakstur) svo og heimilisiðnaður skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvareandi afurðir, sem seldar eru á hverjum stað og tíma